



Minjastofnun Íslands
Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður,
Suðurgötu 39
101 REYKJAVÍK

Efni: Athugasemdir Reykjavíkurborgar vegna tillögu Minjastofnunar Íslands um stækkun friðlýsingarsvæðis Víkurgarðs

Hinn 8. janúar 2019 tilkynnti Minjastofnun Íslands ákvörðun um skyndifriðun þess hluta „Víkirkirkjugarðs“ sem er innan byggingarreits Lindarvatns ehf. (lóðarhafa) á Landsímareit í Reykjavík.

Með bréfi, dags. 11. janúar 2019, var Reykjavíkurborg gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við tillögu, skilmála og rökstuðning Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu þess hluta „Víkirkirkjugarðs“ sem er innan byggingareits Lindarvatns á Landsímareit í Reykjavík, sem unnin var í framhaldi framangreindrar ákvörðunar stofnunarinnar um skyndifriðun. Um er að ræða hluta lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6, fasteignanúmer F2002655, sem liggur að Víkurgarði, og er hnitsettur eins og nánar greinir í friðlýsingarskilmálunum (hér eftir friðlýsingartillaga). Um lagaheimild til friðlýsingar svæðisins vísar stofnunin til 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Með bréfi, dags. 4. október 2018, var Reykjavíkurborg gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við tillögu Minjastofnunar Íslands til ráðherra, um friðlýsingu: „Víkirkirkjugarðs við Aðalstræti í Reykjavík (landnr.100854)“ þ.e. þess svæðis sem væri innan lóðarmarka Víkurgarðs. Í friðlýsingarskilmálum, dags. 11. janúar sl., kemur fram að mennta- og menningarmálaráðherra hefði, þann 8. janúar 2019, staðfest framangreinda tillögu minjastofnunar, dags. 4. október 2018, um friðlýsingu Víkurgarðs (hér eftir friðlýsing Víkurgarðs).

Umsögn Reykjavíkurborgar vegna friðlýsingar Víkurgarðs, dags. 26. október 2018, sem send var Minjastofnun Íslands, tók til ýmissa þeirra röksemda sem stofnunin telur að leiða eigi til þess að fallast eigi á fyrrnefnda friðlýsingartillögu. Af röksemdum minjastofnunar fyrir friðlýsingartillögunni, verður hins vegar ekki annað ráðið en að stofnunin hafi hvorki tekið efnislega afstöðu til umræddra röksemda við meðferð þessa máls, né leitast við að svara efnisatriðum málsins.

Hér að neðan fylgir umsögn Reykjavíkurborgar vegna hinnar nýju friðlýsingartillögu, en samanteknar niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

- Í skilmálum fyrir friðlýsingartillögu Minjastofnunar Íslands er að mati Reykjavíkurborgar hvorki að finna röksemdir sem réttlætt geta friðlýsingu hluta lóðarinnar, né um að fyrirhuguð friðlýsing samþýðist ákvæðum V. kafla laga nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Reykjavíkurborg fær ekki séð að friðlýsing hluta lóðarinnar, til þess að koma í veg fyrir staðsetningu inngangs að hóteli sé í samræmi við framangreindan tilgang

laganna eða eigi sér stoð í þeim þar sem ljóst er að staðsetningin muni engum minjum raska.

- Engar minjar eru lengur til staðar á svæðinu sem friðlýsingartillaga á að ná til
- Engin hætta er á að minjar spillist, glattist eða gildi þeirra verði rýrt
- Víkurgarður er almenningsgarður og hefur verið lengi
- Tillaga um friðlýsingu brýtur gegn meðalhófi og við meðferð málsins var ekki gætt að rannsóknarskyldu.
- Aðkoma neyðarbíla og slökkviliðs hefur þegar verið flutt
- Minjastofnun hafði öll tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við hönnun hótelsins á reitnum í skipulagsferli málsins en gerði ekki
- Skyndifriðun eða eftir atvikum friðlýsing getur leitt til bótaskyldu ríkisins

Almennar athugasemdir Reykjavíkurborgar

Almennt

Í skilmálum fyrir friðlýsingartillögu Minjastofnunar Íslands er að mati Reykjavíkurborgar hvorki að finna röksemdir sem réttlætt geta friðlýsingu hluta lóðarinnar, né um að fyrirhuguð friðlýsing samþýðist ákvæðum V. kafla laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, er tilgangur laganna að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Þá segir enn fremur í ákvæðinu að lögin eigi að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvalda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Reykjavíkurborg fær ekki séð að friðlýsing hluta lóðarinnar, til þess að koma í veg fyrir staðsetningu inngangs að hóteli sé í samræmi við framangreindan tilgang laganna eða eigi sér stoð í þeim þar sem ljóst er að staðsetningin muni engum minjum raska.

Til viðbótar þessu verður ekki séð að menningar- og fornminjum sé búin hætta, eða að til staðar séu minjar sem verndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Þá þegar af þeirri ástæðu leiði það til þess að Minjastofnun Íslands, skorti heimild til þess að ákveða skyndifriðun hluta lóðarinnar með vísan til 20. gr. laga nr. 80/2012, með ákvörðun sinni þann 8. janúar sl. Því telur Reykjavíkurborg að ráðherra verði að synja þeirri tillögu minjastofnunar sem hér er til umfjöllunar.

Þá liggja hvorki fyrir gögn, né eru færðar fram röksemdir hvers vegna hluti lóðarinnar var ekki hluti af upphaflegri friðlýsingartillögu minjastofnunar. Þvert á móti tók stofnunin fram í fyrri tillögu sinni að ekki væri farið fram á 100 metra friðhelgað svæði frá Víkurgarði. Það er því verulegt ósamræmi í tillögum Minjastofnunar Íslands, samkvæmt þeirri tillögu sem til umsagnar er og staðfestri tillögu um friðlýsingu Víkurgarðs, sem ekki hefur verið útskýrt.

Reykjavíkurborg vísar að verulegu leyti til fyrri athugasemda borgarinnar frá 26. október 2018 vegna tillögu um friðlýsingu Víkurgarðs um rökstuðning fyrir framangreindri afstöðu

sinni.

Engu að síður mun Reykjavíkurborg fjalla nánar um röksemdir fyrir afstöðu sinni hér að neðan og í því samhengi rekja einstaka röksemdir Minjastofnunar Íslands fyrir friðlýsingartillögunni sem umsögn þessi tekur til.

Athugasemdir Reykjavíkurborgar við máltilbúnað og sjónarmið um friðlýsingartillögu

Engar minjar eru lengur til staðar sem geta verið andlag friðlýsingar

Í röksemdum fyrir friðlýsingartillögunni telur minjastofnun að aðalinngangur fyrirhugaðs hótels geti ekki snúið að Víkurgarði enda myndi slíkt takmarka fyrirhuguð áform um framtíðarhönnun Víkurgarðs með tilvísun til menningarsögulegs mikilvægis garðsins. Breyti þar engu þó illa hafi verið gengið um Víkurgarð í allt of langan tíma enda standi áform til breytinga þar á.

Það er mat minjastofnunar að ef aðalinngangur fyrirhugaðs hótels verði gegnt Víkurgarði við lóðarmörk garðsins þá muni stórt svæði bundið af þeirri staðreynd um ófyrirséða framtíð. Vandséð er jafnframt að álitni stofnunarinnar hvernig Víkurgarði verði þannig viðhaldið með eðlilegum hætti sem þjóðminjum og hvernig komist verði hjá því að menningarminjum verði fórnað.

Minjastofnun rekur að stofnunin hafi allt frá því að hún tók til starfa vakið athygli á mikilvægi svæðisins út frá sjónarmiðum minjaverndar. Hafi þetta meðal annars komið fram í athugasemdum hennar við breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Landssímareits dags. 31. maí 2013, þar sem stofnunin lagði áherslu á einstakt sögulegt gildi reitsins og nánasta umhverfis hans umfram aðra staði og að það merkti að varðveisla menningarminja fyrir komandi kynslóðir þyrfti að hafa forgang umfram aðra hagsmuni.

Minjastofnun tekur fram að nú virðist vera að ætlun að tveir inngangar vísi að Víkurgarði og ljóst sé að lóðarhafi ætli sér að nýta garðinn sem aðkomusvæði hótelsins. Slíkt sé algjörlega óásættanlegt af hálfu stofnunarinnar eins og ítrekað hafi komið fram á fundum og í erindum til lóðarhafa.

Reykjavíkurborg áréttar að grundvallarskilyrði fyrir því að heimild til friðlýsingar samkvæmt 18. gr. laga nr. 80/2012 sé beitt, sé eðli málsins samkvæmt, að til staðar séu minjar sem geti verið andlag slíkrar friðlýsingar.

Árin 2016-2017 fór fram fornleifarannsókn og uppgröftur á Landsímareitnum samkvæmt rannsóknarleyfi sem Minjastofnun Íslands gaf út hinn 10. desember 2015. Rannsókninni var stýrt af Völu Garðarsdóttur, fornleifafræðingi. Við rannsóknina kom í ljós að allar fornminjar sem grafnar voru upp voru verulega raskaðar. Þær voru allar fjarlægðar af svæðinu við rannsóknina og, samkvæmt lóðarhafa, í mótmælum hans dags. 8. janúar sl., komið til rannsókna á þjóðminjasafni. Því er einsýnt að sú friðlýsingartillaga sem hér er til umsagnar þjónar ekki því markmiði að vernda fyrirbyggjandi fornminjar á svæðinu.

Af því sama leiðir, að mati Reykjavíkurborgar, að skilyrði fyrir beitingu ákvæðis V. kafla laga nr. 80/2012 eru ekki fyrir hendi.

Til viðbótar er ljóst, samkvæmt þeim heimildum, sem liggja fyrir, að á lóðinni Thorvaldsensstræti 6 hafi umtalsverðar framkvæmdir verið á umliðinni öld, ásamt því að margs konar byggingar hafa staðið þar til lengri eða skemmri tíma. Allt hefur þetta orðið til þess að þeim minjum sem upphaflega voru til staðar á lóðinni hefur verulega verið raskað og

þær að síðustu fjarlægðar.

Af korti VG Fornleifarannsóknna um Landsímareit frá árinu 2016 má enn fremur ráða að þær minjar sem fundust við fornleifarannsókn á reitnum voru aðeins á hluta þess svæðis sem minjastofnun gerir nú tillögu um að friðlýsa.

Minjastofnun Íslands vísar í engu að þessum atriðum í friðlýsingarskilmálum sínum, sem að mati Reykjavíkurborgar bendir til þess að stofnunin hafi ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni, samkvæmt ákvæðum 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem skyldi. Af því sama leiðir að um ógildingarannmarka á málsmeðferð stofnunarinnar er um að ræða.

Engin hætta er á að minjar spillist, glatist eða gildi þeirra verði rýrt

Ákvæði 20. gr. laga nr. 80/2012 gerir það að skilyrði fyrir beitingu Minjastofnunar Íslands á heimild sinni til þess að skyndifriða menningarminjar, að hætta sé til staðar á því að minjar spillist, þær glatist eða gildi þeirra verði rýrt á einhvern hátt. Meginskilyrði ákvæðisins er þannig það að fornminjar þurfi að vera í ótvíræðri eða bráðri hættu að spillast, glatast eða rýrna. Um þetta meginskilyrði laganna fjallar Minjastofnun Íslands ekki í skilmálum friðlýsingartillögunnar. Með hliðsjón af því að allar minjar hafa verið fjarlægðar af svæðinu, svo sem að framan greinir, er ekki unnt að líta svo á að slík hætta sé til staðar.

Minjastofnun byggir hins vegar helst á því, svo sem að framan er rakið, að það að inngangur fyrirhugaðrar hótélbyggingar verði gegnt Víkurgarði, valdi hættu á því að fornminjar í Víkurgarði spillist eða gildi þeirra verði rýrt á einhvern hátt. Með tillögu sinni vilji stofnunin enn fremur staðfesta gildi Víkurgarðs sem þjóðminja, vernda og afstýra frekari spjöllum á menningarminjum og legstöðum innan garðsins og tryggja að framtíðarhagnýting hans og yfirbragð endurspegli helgi staðarins og gildi hans fyrir sögu Reykjavíkur. Minjastofnun telur sig hafa ástæðu til þess að óttast að með núverandi skipulagi verði þrengt mjög að þeim hluta Víkurgarðs sem mennta- og menningarmálaráðherra hefði samþykkt friðlýsingu á. Að mati stofnunarinnar sé fullreynt að semja við lóðarhafa um breytta nýtingu þeim hluta lóðar Thorvaldsensstrætis 4-6 sem snýr að Víkurgarði. Það sé mat stofnunarinnar að til þess að unnt sé að tryggja varðveislu Víkurgarðs sé mikilvægt að allt það svæði sem garðurinn náði yfir forðum sé friðlýst. Af þeim sökum hefði verið ákveðið að friða í skyndi hluta lóðarinnar.

Reykjavíkurborg bendir á að hlutverk Minjastofnunar Íslands er afmarkað í III. kafla laga nr. 80/2012. Stofnuninni er ekki ætlað það hlutverk að friðlýsa fasteignir á grundvelli annarra sjónarmiða en varðveislu og verndun fornminja. Af friðlýsingarskilmálum Minjastofnunar Íslands virðist hins vegar mega ráða að önnur sjónarmið ráði för varðandi hluta lóðarinnar, það er sjónarmið um nýtingu og útlit Víkurgarðs. Reykjavíkurborg getur ekki fallist á að slík sjónarmið geti leitt til þess að tillaga um friðlýsingu lóðarinnar nái fram að ganga.

Reykjavíkurborg ítrekar að ekki hafa verið færðar neinar röksemdir af hálfu minjastofnunar fyrir því hvaða rask eða spilling á minjum felist í því að annar af tveimur inngöngum hótélbyggingarinnar snúi að Víkurgarði.

Framangreindar röksemdir Minjastofnunar Íslands fyrir friðlýsingu lóðarinnar samþýðast því ekki beitingu heimildum V. laga nr. 80/2012 til friðlýsingar hluta lóðarinnar.

Víkurgarður er almenningsgarður

Af lestri friðlýsingarskilmála Minjastofnunar Íslands má jafnframt ætla að stofnunin sé ósátt við það hlutverk sem Víkurgarður hefur sem almenningsgarður og þá er fullyrt í rökstuðningi

stofnunarinnar að þrengt hafi verið að „*kirkjugarðinum*“ .

Reykjavíkurborg bendir á í þessu sambandi að Víkurgarður hefur verið skilgreindur í skipulagi sem almenningsgarður frá árinu 1987 og engin breyting hefur orðið á afmörkun hans eða hlutverki síðan þá. Þá telst Víkurgarður ekki vera kirkjugarður eða niðurlagður kirkjugarður í skilningi laga nr. 36/1994 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Um það vísast til ítarlegrar umfjöllunar í hjálagðri umsögn borgarlögmans dags. 20. mars 2018.

Reykjavíkurborg áréttar að Víkurgarður hefur verið lystigarður frá árinu 1883 og öllum opinn a.m.k. frá lokum síðari heimsstyrjaldar og hefur mikil umferð gangandi vegfarenda verið um hann frá þeim tíma.

Þá hefur garðurinn verið skilgreindur, svo sem að framan segir, í skipulagi sem almenningsgarður frá 1987 og engar takmarkanir er að finna á heimild fólks til þess að fara um hann. Umferð gangandi vegfarenda um Víkurgarð eru þannig í dag engar skorður settar og telst hún því vera óbundin og án takmarkana. Í þessu sambandi er rétt að benda á að friðlýsing Víkurgarðs, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðherra þann 8. janúar sl., breytir ekki framangreindum umferðarrétti, enda er ekki að finna heimild í lögum nr. 80/2012 um slíka takmörkun.

Að mati Reykjavíkurborgar felur umferð hótalgesta ekki í sér neina breytingu á notkun Víkurgarðs, enda teljast þeir vera gangandi vegfarendur en umferð þeirra er nú þegar heimil og frjáls um garðinn.

Þá telur Reykjavíkurborg einsýnt að jafnvel þótt búast megi við því að gestir hótelsins kunni að ganga meðfram vesturvegg hótelsins til þess að komast að þeim inngangi hótélbyggingar sem snýr að Víkurgarði, þá leiði staðsetning þessa inngangs ekki til þess að hótelgestir séu bundnir við að ganga þá leið að hótelinu. Reykjavíkurborg áréttar í þessu sambandi að inngangur íbúa í Aðalstræti 9 er að finna á austurhlið hússins. Íbúar þar hafa því um aldarfjórðungsskeið getað gengið um Víkurgarð til þess að komast að þessum inngangi. Að sama skapi kunna aðrir þeir sem erindi eiga í Aðalstræti 9 að ganga um Víkurgarð enda eru þjónustuinngangar á húsinu sem snúa gegnt garðinum. Ekki verður litið svo á með staðsetningu þessara innganga hafi þeir sem nota hann verið að tileinka sér hluta Víkurgarðs, og gildir það um sama um íbúa hússins.

Þvert á móti er ljóst að gestir hótelsins, eins og íbúar og þeir sem eiga erindi í Aðalstræti 9, munu koma gangandi úr öllum áttum á leið sinni yfir Víkurgarð til að komast að umræddum inngangi hótelsins. Að mati Reykjavíkurborgar mun umferð hótalgesta, þ.e. gangandi vegfarenda um garðinn, því ekki breyta neinu um yfirbragð, ásýnd og framtíðarmótun Víkurgarðs.

Því er vandséð, eins og fram kemur í rökstuðningi minjastofnunar, hvernig inngangur fyrirhugaðs hótels geti bundið stórt svæði í garðinum um ófyrirséða framtíð, eða hvernig það atriði komi í veg fyrir að Víkurgarði verði viðhaldið með eðlilegum hætti sem þjóðminjum. Þessari fullyrðingu minjastofnunar er því mótmælt af hálfu Reykjavíkurborgar sem haldlausri.

Tillaga um friðlýsingu brýtur gegn meðalhófi

Minjastofnun ber að gæta meðalhófs við framkvæmd laga nr. 80/2012 um menningarminjar og ekki grípa til friðlýsingar nema önnur úrræði til verndar minja hafi verið fullreynd eða sýnt fram á að þau muni ekki koma að gagni. Í ljósi þess að framangreint mun ekki hafa í för með sér spjall eða röskun á minjum í Víkurgarði, sem og að tillaga um friðlýsingu tekur til svæðis þar sem ekki voru neinar minjar til staðar, telur Reykjavíkurborg að staðsetning inngangs

gegn Víkurgarði geti ekki talist vera lögmætur grundvöllur fyrir tillögu um friðlýsingu lóðarinnar og gangi í berhögg við meðalhófsreglu stjórnsluréttarins. Þar sem verndun fornleifa er ekki stefnt í hættu á nokkurn hátt fær Reykjavíkurborg ekki séð að tilvitnuð tillaga að friðlýsingu stefni að lögmætu markmiði um verndun fornleifa.

Að síðustu hafnar Reykjavíkurborg sérstaklega þeirri fullyrðingu Minjastofnunar á bls. 2 í friðlýsingartillögu: „...að engu breyti þó illa hafi verið gengið um Víkurgarð í allt of langan tíma...“ hafi stofnunin átt við Reykjavíkurborg í því sambandi.

Aðkoma neyðarbíla og slökkviliðs

Minjastofnun rekur að núgildandi skipulag geri ekki einungis ráð fyrir að aðalinngangur fyrirhugaðrar hótélbyggingar verði út í Víkurgarð, heldur verði nálægt þriðjungur garðsins tekinn undir aðkeyrslu hótelsins fyrir slökkviliðsbifreiðar með sérstyrktu undirlagi sem geri ráð fyrir umtalsverðum jarðvegsskiptum. Minjastofnun segist ekki hafa verið upplýst um þessa fyrirhuguðu ráðstöfun á Víkurgarði en hefði komist að þessu við sjálfstæða athugun málsins. Lóðarhafar virðist hins vegar hafa samþykkt að færa aðgang slökkviliðsbifreiða en neiti að færa aðalinngang hótelsins. Minjastofnun tekur fram að ekki hafi verið settar fram tillögur til skipulagsyfirvalda um þessar breytingar, svo minjastofnun viti til. Ljóst er þó að ekki geti orðið að fyrirhugaðri aðkomu slökkvibifreiða eða gerð sérstyrkts undirlags vegna friðlýsingar Víkurgarðs.

Reykjavíkurborg tekur fram vegna framangreinds að stofnuninni hafi þegar verið tilkynnt um það að aðkoma neyðarbifreiða muni ekki verða frá Víkurgarði og að slíkt sé ekki hluti byggingarleyfis. Var það gert á fundi aðila þann 23. október 2018 og áréttað í umsögn Reykjavíkurborgar vegna tillögu um friðlýsingu Víkurgarðs dags. 26. október 2018.

Með vísan til þessa fæst ekki séð hvernig aðkomuleið öryggisbifreiða geti orðið grundvöllur fyrir ákvörðun um friðlýsingu hluta lóðarinnar nú.

Breyting deiliskipulags

Minjastofnun rekur að 8. ágúst 2017 hafi stofnuninni borist erindi skipulagsfulltrúans í Reykjavík þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar vegna framkominnar tillögu um breytingu á deiliskipulagi Landsímareits, dags. 4. ágúst 2017.

Minjastofnun segir jafnframt í friðlýsingartillögunni að á fundi stofnunarinnar með hönnuðum lóðarhafa, sem haldinn var þann 22. ágúst 2017, hafi minjastofnun fyrst verið ljóst að einn inngangur hótelsins yrði gegnt Víkurgarði. Minjastofnun hefði gert athugasemd við og lagst gegn því að aðkoma yrði um Víkurgarð á fundinum. Minjastofnun rekur síðan í rökstuðningi sínum að stofnuninni hefði verið ókunnugt, allt til haustsins 2018, um samkomulag framkvæmdaaðila við Alþingi, dags. 15. maí 2015, þar sem meðal annars var kveðið á um að framkvæmdaaðili myndi óska eftir því við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar að aðalinngangur hótelsins mætti vera gegnt Víkurgarði.

Í rökstuðningi minjastofnunar fyrir friðlýsingartillögunni kemur fram að ástæðu þess að stofnunin hafi í umsögn sinni 15. september 2017 ekki fjallað sérstaklega um tilfærslu inngangs gegnt Víkurgarði megi rekja til þess að slík breyting hafi ekki komið fram í erindi skipulagsfulltrúans í Reykjavík, dags. 4. ágúst 2017, né í sjálfri tillögunni um breytingu á deiliskipulagi. Enn fremur hafi stofnuninni hvorki verið kunnugt um tilurð samkomulags lóðarhafa við Alþingi, né hafi lóðarhafi upplýst um þessa fyrirhugaða breytingu inngangs.

Í þessu sambandi bendir Reykjavíkurborg á, að í mótmælabréfi lóðarhafa vegna

skyndifriðunar, dags. 8. janúar 2018, kemur fram að þvert á móti hafi minjastofnun verið kunnugt um hönnun og fyrirhugaða staðsetningu innganga a.m.k. frá upphafi ársins 2016. Eru rök fyrir þessu frekar tífundað í mótmælum lóðarhafa.

Í ljósi vitneskju minjastofnunar um að fyrirhugað væri að inngangur yrði gegnt Víkurgarði, hvort sem sú vitneskja varð til árið 2016 eins og lóðarhafi heldur fram eða á fundi 22. ágúst 2017 eins og minjastofnun heldur fram, verður að telja að minjastofnun hafi haft fullt tilefni til að koma sjónarmiðum sínum um þetta atriði á framfæri til þar til bærra aðila eins skjótt og kostur var. Var þetta einkum brýnt í ljósi þeirrar afstöðu stofnunarinnar sem nú kemur fram að inngangur gegnt Víkurgarði sé óásættanlegur að mati stofnunarinnar.

Bótaskylda ríkissjóðs

Reykjavíkurborg veur að síðustu athygli á því að staðfesti mennta- og menningarmálaráðherra, tillögu um friðlýsingu hluta lóðarinnar fellur öll hugsanleg bótaskylda af þeirri athöfn á Minjastofnun Íslands. sbr. 53. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 72. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Fallist mennta- og menningarmálaráðherra á friðlýsingartillögu minjastofnunar er óvissa um hvort hótélbyggingin muni rísa í óbreyttri mynd. Í þessu sambandi skal bent á að um verðmæta byggingarlóð er að ræða á besta stað í hjarta miðborgar Reykjavíkur. Sé eingöngu tekið mið af gildandi fasteignamati Þjóðskrár Íslands þá er núverandi verðmæti lóðarinnar kr. 774.700.000,- en ætla má að raunverðmæti sé umtalsvert meira.

Áskilnaður:

Komi fram ný gögn eða upplýsingar í málinu eða kjósi Minjastofnun Íslands að taka til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í fyrirbyggjandi gögnum stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar, er þess óskað að Reykjavíkurborg verði gefið tækifæri til að setja fram frekari athugasemdir áður en ákveðið verður að gera tillögu til ráðherra um friðlýsingu lóðarinnar.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram
borgarlögmaður

Hjálagt:

1. Svar borgarlögmanns við fyrirspurn um lagaheimildir til grundvallar deiliskipulagi Landsímareits, dags. 20. mars 2018.
2. Kort VG-Fornleifarannsóknna um Landsímareit 2016.



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um lagaheimildir til grundvallar deiliskipulagi Landsímareits

Á fundi borgarráðs 16. nóvember 2017 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um lagaheimildir til grundvallar deiliskipulagi Landsímareits:

Óskað er eftir álit borgarlögmanns á því hvaða lagaheimildir liggja til grundvallar deiliskipulagi, sem kveður á um að grafinn verði kjallari í austurhluta Víkurkirkjugarðs og stór hótélbygging reist þar ofan á. Í álitinu verði eftirfarandi spurningum m.a. svarað: Samræmast fyrirætlanir um stórtæka uppbyggingu á kirkjugarðinum lögum um kirkjugarða? Í lögum nr. 36 frá 1993, sbr. eldri lög, er skýrt kveðið á um að niðurlagðir kirkjugarðir séu friðhelgir. Þar segir einnig að löglegur safnaðarfundur geti að tilteknum tíma liðnum frá niðurlagningu fengið garðinn í hendur sveitarfélagi „sem almenningsgarð með tilteknum skilyrðum.“ Þá segir í sömu lagaheimild að heimilt sé að slétta niðurlagðan kirkjugarð, sem löngu er hætt að jarða í, ef kirkjugarðaráð og ráðuneyti samþykkja. Ekki megi þó nota niðurlagðan kirkjugarð til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófests og ekki megi gera þar jarðrask né gera þar nein mannvirki. Ströng skilyrði gilda um tilfærslu og flutning samkvæmt lögnum og brot á þeim varðar refsingu. Hafa skipulagsyfirvöld kannað hver sé réttmætur eigandi kirkjugarðsins og hvort væntanlegur byggingaraðili hafi heimild til að byggja hótél á landi garðsins? Sóknarnefnd Dómkirkjunnar telur að Víkurgarður sé í umsjá hennar fyrir hönd kirkjunnar. Sóknarnefndin telur að henni sé heimilt að lögum að heimila Reykjavíkurborg að skipuleggja garðinn sem almenningsgarð en önnur ráðstöfun sé ekki heimil.

Hér á eftir fylgir umbeðið álit borgarlögmanns.

1. Hvaða lagaheimildir liggja til grundvallar deiliskipulagi, sem kveður á um að grafinn verði kjallari í austurhluta Víkurkirkjugarðs og stór hótélbygging reist þar ofan á?

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 bera sveitarstjórnir ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Skipulagsskylda sveitarfélaga nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga, sbr. 12. gr. sömu laga, án tillits til þess hvernig eignarhaldi eða umráðarétti er háttað á löndum og lóðum innan skipulagssvæðisins. Þannig felur ákvörðun sveitarstjórnar um deiliskipulag fyrir reit eða svæði ekki í sér ráðstöfun á beinum eða óbeinum eignarréttindum innan þeirra marka. Leiði á hinn bóginn skipulag eða breyting á því til skerðingar slíkra réttinda svo varði bótaskyldu sveitarfélags á grundvelli 51. gr. skipulagslaga, þá getur það staðið í vegi fyrir framkvæmdum á grundvelli skipulagsins á hlutaðeigandi reit eða svæði nema samkomulag náist um greiðslu bóta eða til eignarnáms

komi samkvæmt 50. gr. sömu laga.

Skipulagsáætlanir og fornleifauppgröftur á Landsímareit

Gildandi heildardeiliskipulag fyrir svæðið sem fyrirspurnin lýtur að, þ.e. Landsímareiturinn, er Kvosarskipulagið sem borgarstjórn samþykkti á fundi sínum hinn 1. október 1987 og staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 22. febrúar 1988. Samkvæmt Kvosarskipulaginu afmarkaðist skipulagssvæðið af Höfninni, Lækjargötu, Tjörninni og Aðalstræti.

Árin 2008 og 2009 voru auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi reitsins Kvosin - Landsímareitur vegna óska lóðarhafa um að nýta uppbyggingarheimildir samkvæmt gildandi deiliskipulagi og byggja hótél við Vallarstræti. Vegna athugasemda sem bárust við auglýstar tillögur ákvað skipulagsráð á fundi sínum 15. desember 2010 að efna til opinna samkeppni um framtíðarsýn fyrir svæðið. Í framhaldi af því að niðurstaða tveggja þrepa alþjóðlegrar samkeppni sem haldin var um Kvosina - Landsímareit var gerð kunn sumarið 2012, var unnin tillaga að deiliskipulagi í samræmi við niðurstöðu samkeppninnar, þó var afmörkun skipulagssvæðisins þrengri þar sem Ingólfstorg var undanskilið. Nánar tiltekið afmarkaðist þannig skipulagssvæðið samkvæmt deiliskipulagstillögunni af Aðalstræti, Vallarstræti, Thorvaldsensstræti og Kirkjustræti. Lóðir sem tillagan tók til voru Aðalstræti 7, Vallarstræti 4, Thorvaldsensstræti 2, 4 og 6 og Aðalstræti 9 og 11. Deiliskipulagið, sem tók gildi við birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda hinn 10. október 2013, fól í sér verndun húsa þar sem þar var gert ráð fyrir að öll eldri húsin á reitnum fengju að standa og að nýbyggingar skyldu taka mið af mælikvarða og byggðamynstri umhverfis Ingólfstorg. Þá var í tilvitnuðu deiliskipulagi gert ráð fyrir að Víkurgarður yrði hverfisverndaður sem fjölnota almenningsgarður/svæði með yfirbragði torgs.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 31. maí 2013, voru gerðar athugasemdir við ýmis atriði í framangreindri deiliskipulagstillögu er varða varðveislu og samhengi friðlýstra, friðaðra og varðveisluverðra bygginga. Þar á meðal gerði stofnunin athugasemd við breytingar á þakhæð Thorvaldsensstrætis 4-6. Þegar síðan umsókn barst frá THG Arkitektum ehf. í júní 2017 um breytingu á deiliskipulagi Landsímareits, þá áréttaði Minjastofnun Íslands tilvitnaða umsögn sína, ásamt athugasemd við þakstefnu nýbyggingar í götumynd að Vallarstræti. Minjastofnun taldi þá jafnframt að kanna þyrfti með fornleifauppgræftri allt það svæði þar sem áformaðar væru framkvæmdir.

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur leiddi framkvæmdarannsókn á Landsímareit (þar sem gert var bílastæði fyrir framan viðbyggingu Landsímahússins árið 1967) á grundvelli rannsóknarleyfis sem Minjastofnun Íslands gaf út hinn 10. desember 2015, en fornleifauppgröftur á reitnum fór fram í samvinnu við og undir eftirliti stofnunarinnar. Samkvæmt fornleifafræðingnum þá ræddu þeir sem að verkinu komu og Minjastofnun Íslands um framvindu rannsóknarinnar, þ. á m. um það að ef í ljós kæmi órofinn kirkjugarður þá skyldi framkvæmdum hætt. Fljótlega hafi á hinn bóginn komið í ljós að ástand uppgraftrarsvæðisins var afar slæmt og því ákveðið að halda rannsókninni áfram. Er leið á rannsóknina hafi komið í ljós mannvistarlög en meðal annars vegna þess hversu brotakennd þau voru var ekki unnt að ráða eðli, samhengi eða umfang þeirra. Að mati fornleifafræðingsins var ekki unnt að varðveita neinar af þeim fornminjum sem fundust við uppgröftinn á svæðinu þar sem þær voru verulega raskaðar. Öllum fornminjum á svæðinu hafi þannig verið raskað verulega fyrir löngu síðan og því ekki ástæða til að óttast um menningarverðmæti á svæðinu. Þess utan voru öll mannvistarlög fjarlægð í rannsóknarferlinu í því skyni að kanna hvers eðlis þau voru, enda snýst fornleifauppgröftur um það að fjarlægja þá mannvist sem til rannsóknar er með vísindalegum aðferðum. Því eru engar jarðneskar

minjar að finna lengur á svæðinu. Ef fornleifauppgröfturinn hefði leitt í ljós að ástæða væri til þess að varðveita svæðið þá hefði það komið í hlut Minjastofnunar Íslands að taka ákvörðun um það en svo var ekki gert.

Samkvæmt ódagsettri skýrslu Völu Garðarsdóttur uppgrafstrarstjóra á Landsímareitnum 2016-2017, þá lauk uppgreftri á Landsímareitnum sumarið 2017. Svæðinu var skipt upp í þrjú svæði; svæði A og B (fyrir framan nýja Landsímahúsið, milli Thorvaldsensstrætis og Fógetagarðs), svæði C (sundið og portið milli Aðalstrætis 7 og Vallarstrætis 2) og svæði D (Gamli kvennaskólinn og Nasa við Thorvaldsensstræti). Í skýrslunni er meðal annars fjallað um bráðabirgðaniðurstöðu rannsóknar fyrir svæði A, sem liggur næst Fógetagarðinum, en um svæðið segir að í ljós hafi komið hluti Víkurkirkjugarðs og að hann hafi náð tæpa átta metra inn á svæði A til austurs. Þar hafi fundist mannvistarlög, jarðneskar minjar og mannvirki sem voru verulega röskuð vegna síðari tíma framkvæmda, s.s. sökum grafarskurða og annarra mannvirkja. Þá kemur fram í skýrslunni að rannsókn standi enn yfir og að áformað sé að birta lokaskýrslu í júní 2018.

Áður nefnd umsókn THG Arkitekta ehf. varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits, gerir ráð fyrir að borgarlandinu milli lóða Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 verði skipt upp á milli þeirra og lóðirnar stækkaðar sem því nemur. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir því að leyfilegt verði að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Landsímahúsið/Thorvaldsensstræti 6 og byggja hana í sömu mynd. Tillagan var auglýst frá 4. ágúst 2017 til 21. september 2017. Á fundi borgarstjórnar 5. desember 2017 var samþykkt tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir lítils háttar skilmálabreytingum sem fela í sér leiðréttingar og hliðrun einstakra byggingahluta sem rúmast innan núverandi byggingarreita á reitnum bæði lárétt og lóðrétt. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir að heimiluð verði endurbygging húss að Thorvaldsensstræti 6. Á hinn bóginn eru skilmálar fyrir Víkurgarð óbreyttir samkvæmt tillögunni og snýr breytingin þannig ekki að áformaðri nýbyggingu við Kirkjustræti.

2. Samræmast fyrirætlanir um stórtæka uppbyggingu í kirkjugarðinum lögum um kirkjugarða?

Í lögum nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu eru kirkjugarðar skilgreindir sem afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið af presti, sbr. 5. gr. og 6. gr. laganna. Í 8. gr. laganna segir að hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi og í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófesta og biskups. Miðað við framangreinda skilgreiningu telst það svæði sem fyrirhuguð bygging á að rísa ekki vera kirkjugarður í skilningi laganna, þar sem tilvitnuð skilyrði eru ekki uppfyllt.

Jafnvel þótt jarðneskar leifar hafi fundist á hluta svæðis A, þ.e. þeim hluta sem var undir bílastæði og gangstétt á lóð Thorvaldsensstrætis 6, þá var það svæði hvergi afmarkað sem grafarsvæði og ekki full vitneskja um að jarðneskar leifar manna væri þar að finna fyrr en við fornleifauppgröft. Á umræddu svæði voru engin leiði og þá er engin legstaðaskrá til um svæðið, sbr. 27. og 28. gr. laga nr. 36/1993. Þá er enginn uppdráttur til af svæðinu sem kirkjugarður og engar brautir eða gangstígar, enda engin leiði á svæðinu, sbr. 17. og 19. gr. sömu laga. Stærsti hluti þess landsvæðis, sem fyrirhugað er að byggja á, úthlutaði bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar Oddi Thorarensen lyfsala árið 1833 sem lóð undir íbúðarhús og lyfjabúð. Umrædd lóð, sem í dag myndar meginhluta lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6, hafði og hefur aldrei verið notuð til greftrunar. Á hinn bóginn var sá hluti, sem myndar afgang lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6 í dag, fenginn Krüger lyfsala af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar hinn 17. apríl 1879 og 2. apríl 1883 til trjáræktunar.

Fyrir liggur að stór hluti svæðisins innan lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6 eins og lóðin er í dag, eða sá hluti sem fenginn var Oddi Thorarensen lyfsala árið 1833 var aldrei kirkjugarður. Varðandi hinn hluta svæðisins innan umræddrar lóðar, þ.e. sá hluti sem fenginn var Krüger lyfsala árin 1879 og 1883, þá liggur fyrir að við áður nefndan fornleifauppgröft fundust jarðneskar leifar á hluta þess svæðis. Jafnframt liggur fyrir að umræddar jarðneskar leifar, ásamt öllum mannvistarlögum, voru fjarlægðar við fornleifauppgröftinn. Af því leiðir að á öllu því svæði sem uppbygging er fyrirhuguð hafa allar jarðneskar minjar verið fjarlægðar. Með hliðsjón af þeirri staðreynd og þess sem að framan er rakið er uppbyggingarsvæðið ekki niðurlagður kirkjugarður.

Í ljósi framangreindra atriða gilda lög nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu ekki um hið umrædda svæði þar sem það hefur ekki að geyma niðurlagðan kirkjugarð. Enda uppfyllir svæðið ekki skilyrði þess að vera niðurlagður kirkjugarður, þar sem þar er engar jarðneskar leifar manna eða leiði að finna og þá er svæðið ekki afmarkað greftrunarsvæði. Öll þessi atriði þurfa að vera til staðar svo unnt sé að telja svæðið vera niðurlagðan kirkjugarð. Svo á ekki við um umrætt svæði sem hefur í dag að geyma bílastæði sem hefur verið þar frá árinu 1966. Af framangreindu leiðir að takmarkanir samkvæmt 33. gr. laga nr. 36/1993, á heimildum til jarðraskis og mannvirkjagerðar eiga ekki við um svæðið.

Ljóst er af öllum gögnum og heimildum, sem undirrituð hefur kannað, að gamli kirkjugarðurinn var aflagður 1837. Á þeim tíma var engin löggjöf til staðar er fjallaði um friðhelgi niðurlagðra kirkjugarða gagnvart jarðraski eða framkvæmdum. Engar heimildir eða gögn eru til, samkvæmt bestu vitund undirritaðrar, um greftrun í gamla kirkjugarðinum eftir að fyrst var greftrað í kirkjugarðinum við Suðurgötu hinn 23. nóvember 1838. Vitað er að síðast var greftrað á lóðinni Thorvaldsensstræti 6, þ.e. þeim hluta lóðarinnar sem Krüger lyfsali fékk afnot af til trjáræktunar, en það var ekki gert í hinum gamla kirkjugarði heldur í sérstökum heimagrafreit árin 1882 og 1883. Um var að ræða annars vegar eiginkonu og hins vegar barn Krüger lyfsala og hafði hann fengið sérstakt konungsleyfi, dags. 29. september 1882, til þess að greftra konu sína í heimagrafreit á lóðinni eða nánar tiltekið í „*del av hans have*“ líkt og það er orðað í konungsleyfinu. Fyrir liggur að greftranir þessar fóru ekki fram í hinum gamla kirkjugarði enda hafði kirkjugarðurinn þá verið aflagður í 45 ár eða frá árinu 1837, auk þess sem sérstakt konungsleyfi þurfti til þess að heimila greftrun í heimagrafreit. Þannig kemur fram á bls. 148 í riti Einars Arnórssonar „*Íslenskur kirkjuréttur*“ frá 1912, að heimagreftranir hafi einungis mátt framkvæma að fengnu konungsleyfi. Gröf og leiði eiginkonu og barns Krüger lyfsala, voru samkvæmt bestu vitund undirritaðrar, fjarlægð í tengslum við stækkun Landsímahússins eftir árið 1966.

Fyrsta heildarlöggjöfin um kirkjugarða var sett árið 1901 með lögum um kirkjugarða og viðhald þeirra frá 8. nóvember 1901. Við gildistöku laganna var hinn gamli kirkjugarður orðinn að lystigarði eftir að Schierbeck landlæknir hafði fengið afnot af garðinum með samþykki bæjarstjórnar hinn 2. apríl 1883, en garðurinn hafði áður verið notaður til grasnytja í kjölfar niðurlagningar hans árið 1837. Í umræddum lögum er ekki mælt fyrir um afturvirkni þeirra þannig að gildissvið laganna nái til kirkjugarða er niðurlagðir voru fyrir gildistöku þeirra árið 1901. Þá er heldur ekki mælt fyrir um í lögnum að ákvæði laganna nái til niðurlagðra kirkjugarða er breytt hafi verið til annarrar notkunar eða þarfa fyrir gildistöku laganna, líkt og á við um lóð gamla kirkjugarðsins en á lóðinni var þá lystigarður eins og að framan greinir.

Engu að síður var í lögnum mælt fyrir um friðhelgi niðurlagðra kirkjugarða gagnvart jarðraski og byggingarframkvæmdum en sú friðhelgi var ekki algild heldur tímabundin til 50 ára frá síðustu greftrun í kirkjugarði. Þá var ekki skilyrði að sækja þyrfti um sérstakt leyfi til

framkvæmda í niðurlögðum kirkjugarði að þeim tíma loknum svo þær væru heimilar. Í 7. gr. laganna frá 8. nóvember 1901 segir orðrétt eftirfarandi um heimildir til jarðraskis og bygginga á niðurlögðum kirkjugörðum:

„Niðurlagðan grafreit má ekki hafa til haugstæðis né annarar[sic] slíkrar notkunar. Þar má eigi neitt jarðrask gera, svo sem með kjallaragrefsti, skurðagjörð eða öðru slíku, fyr[sic] en liðin eru 50 ár frá því grafreiturnar var síðast notaður til líkgræfrunar“.

Jafnvel þótti litið verði svo á að umrætt svæði hafi verið niðurlagður kirkjugarður í skilningi laga um kirkjugarða og viðhald þeirra frá 8. nóvember 1901 við gildistöku laganna sama ár, þá hafði friðhelgi svæðisins sem áður var gamli kirkjugarðurinn gagnvart jarðraski og byggingarframkvæmdum runnið sitt skeið á enda samkvæmt 7. gr. laganna er lögin tóku gildi. Þar sem Víkurgarður var lagður niður árið 1837 og síðasta greftrun átti sér stað 23. nóvember árið 1838 í hinum þá niðurlagða kirkjugarði og í ljósi þess að engar heimildir er að finna um greftrun í garðinum eftir þann dag, leið friðhelgi garðsins fyrir jarðraski og byggingarframkvæmdum undir lok fimmtíu árum síðar, eða eigi síðar en á árinu 1888. Fyrirnefnd greftrun eiginkonu Krüger lyfsala sem heimiluð var með konungsleyfi árið 1882 fór eins og fyrr greinir fram í heimagrafreit en ekki í hinum gamla kirkjugarði.

Sú uppbygging sem heimil er samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Landsímareitinn nær ekki inn á svæði sem afmarkað hefur verið sem almenningsgarður og var áður svæði hins gamla kirkjugarðs. Þannig felur umrætt skipulag ekki í sér breytingar frá því deiliskipulagi sem áður var í gildi. Áfram verður almenningsgarður á svæðinu af þeirri stærð sem hann hefur verið allt frá því að hann var skilgreindur í fyrirnefndu heildardeiliskipulagi fyrir Kvosina frá árinu 1987.

3. Hafa skipulagsyfirvöld kannað hver er réttmætur eigandi kirkjugarðsins og hvort væntanlegur byggingaraðili hafi heimild til að byggja hótél á landi garðsins?

Umhverfis- og skipulagssvið og embætti borgarlögmanns hafa kannað eignarhald lóðar hins gamla kirkjugarðs með því að leita og afla gagna og heimilda hjá skjaladeildum Reykjavíkurborgar, skjalasafni Alþingis, Borgarskjalasafni og Þjóðskjalasafni.

Hér að neðan verður fjallað um eignarhald og afnot annars vegar lóðar hins gamla kirkjugarðs og hins vegar lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6 í tímaröð.

Gamli kirkjugarðurinn eða Víkurgarður tilheyrði Víkurkirkju og stóð kirkjan u.þ.b. í miðjum garðinum. Talið er að Víkurkirkja hafi verið reist fljótlega eftir kristnitöku af Reykjavíkurbónda og er hennar fyrst getið í kirknatali Páls Jónssonar árið 1200. Víkurkirkja var því í upphafi bændakirkja og tilheyrði hún og kirkjugarðurinn umhverfis kirkjuna Reykjavíkurbjörðinni enda átti Reykjavíkurbóndi heimaland kirkjunnar sem var jörðin Reykjavík.

Jörðin Reykjavík var eign bænda allt þar til hinn 17. júlí 1613 er ekkja Narfa Ormsonar, Guðrún Magnúsdóttir, seldi jörðina Reykjavík til konungs. Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var jörðin í konungseign á þeim tíma er þeir gerðu könnun sína tímabilið 1702-1714. Í jarðabókinni er tekið fram að jörðin Reykjavík sé kirkjustaður og eru taldar upp í bókinni hjáleigur jarðarinnar Reykjavíkur. Jörðin Reykjavík var alfarið í konungseign, allt þar til hluti hennar var fenginn Innrétingum Hins íslenska hlutafélags árið 1752 undir starfsemi félagsins. Ljóst er að kirkjan og kirkjugarðurinn voru ekki inni á því landsvæði sem afhentur var félaginu og kirkjugarðurinn var því áfram í konungseign.

Breyting verður á stöðu Víkurkirkju með konungstilskipun frá 15. apríl 1785, en með tilskipuninni var biskupsstóllinn á Skálholti og Dómkirkjan flutt til Reykjavíkur og Víkurkirkja gerð að Dómkirkju. Þar sem reisa þurfti nýja Dómkirkju í stað Víkurkirkju og kirkjustæði Víkurkirkju hentaði ekki til byggingar varð úr að Víkurkirkja var rifin og Dómkirkja reist við Austurvöll. Samkvæmt konungstilskipuninni breyttist eignarhald á sjálfum kirkjugarðinum ekki við flutning Dómkirkjunnar frá Skálholti til Reykjavíkur og var Víkurgarður, sem áfram var notaður til greftunar, enn í konungseign.

Meiriháttar breyting verður á eignarhaldi Reykjavíkurjarðarinnar við það að Reykjavík var með konungstilskipun frá 17. nóvember 1786 veitt kaupstaðarréttindi. Í tilskipuninni var mælt fyrir um að land konungs yrði lagt til kaupstaðanna sem öðluðust kaupstaðarréttindi með tilskipuninni, þ. á m. Reykjavík, en um þá ráðstöfun segir orðrétt eftirfarandi í 4. gr. tilskipunarinnar:

„Þann part af landslóðinni, sem við þarf til sérhvers kaupstaðar, og aðrir eigu, má á Vorn kostnað kaup af eigendunum, og hinn, er Vér eigum, má allranáðarsamlegast gefast til sömu þarfa, þegar fyrst er búið að mæla plázið og ákvarða með gjörð einni þar um [...]“

Í kjölfar útgáfu konungstilskipunarinnar frá 1786 sem veitti Reykjavík kaupstaðarréttindi, var dagana 22. - 23. maí 1792 landi Reykjavíkurjarðarinnar skipt á milli annars vegar Reykjavíkurkaupstaðar og hins vegar Innrétinga Hins íslenska hlutafélags. Skiptingin var mæld út af Sigurði Péturssyni sýslumanni í Gullbringusýslu en samkvæmt skiptingunni taldist Víkurkirkja og kirkjugarðurinn til Reykjavíkurkaupstaðar sem eignarland. Skiptingin var samþykkt af fyrrisvarsmönnum konungs (stiftamtmaður á Íslandi), Reykjavíkurkaupstaðar og Innrétinga Hins íslenska hlutafélags, auk fyrri útmælingarmanns.

Hinn 31. maí 1833 var Oddi Thorarensen lyfsala fengin lóð við Austurvöll úr landi Reykjavíkurbæjar gegn leigugjaldi með ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar. Lóðin, samkvæmt útmælingu, markaðist af austurenda kirkjugarðsins og að kirkjubrúnni. Á lóðinni reisti lyfsalinn lyfjaverslun sína, ásamt lyfjagerðarhúsi og útihúsum, sem mynduðu lóðina Thorvaldsensstræti 6 eins og lóðin var á þeim tíma. Samkvæmt framangreindu var umrædd leigulóð lyfsalans á svæði utan Víkurgarðs.

Líkt og áður greinir var kirkjugarðurinn aflagður árið 1837. Hinn 17. maí 1839 lét Reykjavíkurbær framkvæma úttekt á lóð hins gamla kirkjugarðs. Ástand girðingarinnar var þá orðið mjög lélegt og töldu úttektarmenn að girðingin myndi ekki halda í meira en ár kæmi ekki til lagfæringa þá þegar. Í fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar frá 5. febrúar 1847 er þess getið að girðingin umhverfis lóð gamla kirkjugarðsins sé hrörleg og að útleiga lóðar garðsins sé fallin úr gildi. Bæjarstjórnin áleit því réttast að „*uppbjóða*“ lóð gamla kirkjugarðsins með þeim skilmála að nýtjar á grasi lóðarinnar endurgjaldi endurbætur á girðingu lóðarinnar. Þá er þess getið í tekjuáætlunum bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar að lóð hins gamla kirkjugarðs hafi við opinbert uppboð hinn 15. maí 1863 verið leigður til 10 ára fyrir afgang. Af tilvitnuðum gögnum er ljóst að Reykjavíkurbær fór með lóð gamla kirkjugarðsins sem eign sína í samræmi við skiptinguna á Reykjavíkurbærinni frá 1792.

Í fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar frá 6. mars 1879 er þess getið að bæjarstjórn hafi borist bréf frá Krüger lyfsala þar sem hann segir upp leigu á lóð gamla kirkjugarðsins „*en biður um lítinn blett af honum aftur*“ eins og segir orðrétt í umræddri fundargerð. Málinu var þá frestað og ekki tekin efnisleg afstaða af hálfu bæjarstjórnarinnar til beiðni Krüger lyfsala. Á þessum tíma hafði Krüger lyfsali eignast allar húseignir við Thorvaldsensstræti 6.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar frá 17. apríl 1879 var síðan tekin afstaða til áður nefndrar beiðni Krüger lyfsala um að fá lítinn blett af lóð gamla kirkjugarðsins aftur, en þá var lyfsalanum veittur hluti lóðarinnar til „*trjáplöntunar*“ gegn greiðslu á lóðargjaldi „*eins og af byggðri lóð*“ eins og segir orðrétt í tilvitnaðri fundargerð. Tekið er fram í fundargerðinni, að umræddur lóðarhluti skuli falla aftur til Reykjavíkurbæjar hafi Krüger lyfsali hann ekki „*til þessara afnota*“ . Á fundinum var ekki tekin afstaða til uppsagnar Krüger lyfsala á leigu lóðar gamla kirkjugarðsins. Á hinn bóginn samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar á fundi sínum hinn 14. maí 1880 uppsögn Krüger lyfsala á leigu lóðar gamla kirkjugarðsins.

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar hinn 2. febrúar 1883 var lögð fram beiðni Schierbeck landlæknis um byggingarstæði á lóð gamla kirkjugarðsins og afnotarétt af allri lóðinni að öðru leyti. Var gengið til atkvæða um beiðni hans og samþykkt að verða við bón hans með fjórum skilmálum, þ. á m. um að hann skyldi annast það að allar uppgrafnar jarðneskar leifar yrðu fluttar í nýja kirkjugarðinn við Suðurgötu. Málið var aftur tekið til umræðu hjá bæjarstjórn á fundi hinn 15. mars 1883 en þá var ákvörðun í málinu frestað. Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar hinn 2. apríl 1883 var síðan fallist á tilvitnaða beiðni landlæknisins með fjórum skilyrðum, meðal annars því skilyrði að hann fengi lóð garðsins til eignar sem aldingarð en ekki kálgarð og að hann borgaði 25 krónur í eftirgjald í bæjarsjóð. Þá var einnig samþykkt beiðni Schierbeck landlæknis um að hann mætti láta Krüger lyfsala fá 2. ál. spildu af lóð gamla kirkjugarðsins með þeim skilmálum að hann mætti einungis nota hann fyrir aldingarð. Í kjölfar úthlutunar lóðar gamla kirkjugarðsins til Schierbeck landlæknis, breytti landlæknirinn lóð gamla kirkjugarðsins í lystigarð og reisti sér hús utan hennar sem varð Aðalstræti 11.

Hinn 26. september 1893 afsalaði Schierbeck landlæknir, er hann yfirgaf landið, lóð gamla kirkjugarðsins ásamt húseign sinni fyrir utan lystigarðinn við Aðalstræti 11 til Halldórs Daníelssonar. Um lóð gamla kirkjugarðsins segir orðrétt eftirfarandi í afsalinu:

„Haven med tilhørende plankeværk overdrages som arvefæste med de samme rettigheder og forpligtelser, deriblandt kr. 23.50 årlig arvefæsteafgift til byen, hvormed den har tilhørt mig”.

Áður hafði Schierbeck landlæknir tilkynnt söluna til bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar og bæjarstjórnin samþykkt þá ráðstöfun á fundi sínum hinn 6. september 1893.

Með afsalsbréfi, dags. 21. október 1904, afsalaði Hannes Hafstein ráðherra Íslands, f.h. landssjóðs, lóð gamla kirkjugarðsins til Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt heimild í fjárlögum frá 23. október 1903. Í afsalsbréfinu kemur fram að Reykjavíkurkaupstaður hafi greitt kr. 600,- í landssjóð fyrir hina afsöluðu eign. Afsalsbréfið var gert í kjölfar umræðna sem fóru fram meðal annars á Alþingi um eignarhald á gamla kirkjugarðinum og ágreining á milli yfirvalda hvort landssjóði, sem eiganda Dómkirkjunnar, eða Reykjavíkurbæ bæri að sjá íbúum Reykjavíkurbæjar fyrir greftrunarstæðum, sem voru þá orðin af skornum skammti í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Má ráða af umræðum sem þá fóru fram á Alþingi og af þingskjölum að til stóð að bera ágreining þennan undir dómstóla. Ágreiningurinn leystist síðan, án aðkomu dómstóla, á þann veg að veitt var fjárveiting úr landssjóði til stækkunar kirkjugarðsins við Suðurgötu og lóð gamla kirkjugarðsins var afsalað til Reykjavíkurbæjar með heimild í fjárlögum gegn 600 króna greiðslu í landssjóð. Hafi verið vafi eða ágreiningur um beinan eignarrétt Reykjavíkurbæjar yfir lóð hins gamla kirkjugarðs er unnt að slá því föstu að hann var endanlega útkljáður með útgáfu tilvitnaðs afsalsbréfs.

Með bréfi, dags. 13. nóvember 1915, óskaði P.O. Christensen lyfsali eftir leyfi byggingarnefndar Reykjavíkurbæjar fyrir byggingu kjallara á lóð sinni að Thorvaldsensstræti 6. Með bréfi, dags. 20. nóvember 1915, samþykktu bæjarstjórn og byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar leyfisumsókn lyfsalans. Þar sem umræddur kjallari átti að byggjast á hluta þeirra spildna sem úthlutaðar voru Krüger lyfsala árin 1879 og 1883 til trjáræktunar, ákvað bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar með bréfi, dags. 29. nóvember 1915, að afturkalla veitt leyfi þar sem hún taldi þurfa sérstakt leyfi bæjarstjórnar fyrir byggingunni. Um málið var talsvert þræfað en síðan var það leyst þannig að P.O. Christensen lyfsali keypti það land til eignar sem fór undir kjallarann. Ljóst er að umrætt svæði er kjallarinn var grafinn á var hluti hins gamla kirkjugarðs, enda kemur fram í blaðaumfjöllun þess tíma að jarðneskar leifar hafi komið í ljós er grafið var fyrir kjallaranum og þær verið færðar í kirkjugarðinn við Suðurgötu.

Hinn 8. janúar 1918 sendi borgarstjórinn í Reykjavík bréf til Halldórs Daníelssonar, þar sem greint var frá því að bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar hefði samþykkt að setja lóð gamla kirkjugarðsins á skrá yfir erfðafestulönd bæjarins. Tilvitnuð ákvörðun bæjarstjórnar var tekin í kjölfar umkvartana Halldórs Daníelssonar þess efnis að lóð gamla kirkjugarðsins hefði fram að þeim tíma verið talin vera leigulóð í stað þess að vera skráð sem erfðafestuland bæjarins.

Með samningi, dags. 6. desember 1929, gerðu borgarstjóri, f.h. bæjarstjórnar Reykjavíkur, og Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali og eigandi Thorvaldsensstrætis 4 og 6 með sér makaskipti á annars vegar hluta af umræddum lóðum og hins vegar þeim spildum sem lyfsalinn hafði þá afnot af til trjáræktar. Nánar tiltekið fékk þannig lyfsalinn samkvæmt samningnum beinan eignarrétt yfir því landi er hann hafði þá „[...] afnotarjett af til trjáræktar“. Er hér verið að vísa til þeirra spildna er Krüger lyfsali fékk úthlutað til afnota árin 1879 og 1883.

Með kaupsamningi, dags. 26. mars 1940, seldi Anna Daníelsson, ekkja Halldórs Daníelssonar, Póst- og símamálastjórn Íslands húseignirnar nr. 11 og 11 B við Aðalstræti. Í kaupsamningnum segir orðrétt eftirfarandi um lóð gamla kirkjugarðsins:

„Ennfremur fylgir með í söluinni blóma- og trjágarður sá (gamli kirkjugarðurinn), sem liggur suður af hinni seldu eignarlóð og seljandi hefur haft á erfðafestu. Garður þessi, ásamt meðfylgjandi girðingu, er seldur sem erfðafestuland, með þeim rjettindum og skyldum, sem honum fylgja, og hefur kaupandi kynnt sjer það.“

Með afsali, dags. 5. október 1940, afsalaði síðan Sofía Daníelsson, samkvæmt umboði f.h. dánarbús Önnu Daníelsson, framangreindum húseignum ásamt lóð gamla kirkjugarðsins til Póst- og símamálastjórnar Íslands.

Með bréfi, dags. 5. október 1940, tilkynnti Póst- og símamálastjórn Íslands kaupin á húseignum við Aðalstræti 11 og 11 B, ásamt lóð gamla kirkjugarðsins, til bæjarstjórnar Reykjavíkurbæjar. Bæjarráð og bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar mótmæltu kaupunum, þar sem Reykjavíkurbær taldi sig eiga forkaupsrétt á umræddum húseignum. Þá véfengdi bærinn eignarrétt þann sem framseldur hafði verið til Póst- og símamálastjórnar Íslands og benti á að upphaflega hefði, hinn 2. apríl 1883, einungis verið veitt afnot til trjáræktunar á lóð gamla kirkjugarðsins til handa Schierbeck landlækni.

Það næsta sem gerist í málinu er að með bréfi Póst- og símamálastjórnar Íslands til borgarstjóra, dags. 3. nóvember 1942, var óskað eftir því að fá „breytt í byggingarlóð þeim hluta af „bæjarfógetagarðinum“, sem ekki verður tekinn til breikkunar Kirkjustrætis“. Í bréfinu var þess jafnframt óskað að gengið yrði frá skipulagi á reitnum.

Aftur féll þá málið í þagnargildi, eða allt til ársins 1945 er hreyfing virðist komast á málið. Að beiðni Póst- og símamálastjórnar Íslands var Jón Ásbjörnsson hæstaréttarlögmaður þá fenginn til að taka saman greinargerð, dags. 26. apríl 1945, um „*Gamla kirkjugarðinn á horni Kirkjustrætis og Aðalstrætis*“. Í greinargerðinni er rakið eignarhald á lóð gamla kirkjugarðsins frá árinu 1883 til 1945, en að mati lögmannsins var lóðin erfðafestuland.

Hinn 5. júlí 1946 sendi Póst- og símamálastjórn Íslands bréf til bæjarráðs Reykjavíkurbæjar. Í bréfinu kom fram að eignarréttur póst- og símamálastjórnarinnar yfir lóð gamla kirkjugarðsins hefði verið véfengdur af hálfu Reykjavíkurbæjar og að samþykkt hefði verið að láta dómstóla „*skera úr*“. Með bréfinu freistaði póst- og símamálastjórn þess að leysa ágreininginn og afla réttinda og leyfis til byggingarframkvæmda á svæði gamla kirkjugarðsins.

Af gögnum verður ekki ráðið að um málið hafi verið fjallað í framhaldi af áður nefndu bréfi Póst- og símamálastjórnar Íslands, dags. 5. júlí 1946. Á hinn bóginn virðist sem úr málinu hafi verið leyst því árið 1952 fékk póst- og símamálastjórn leyfi til viðbyggingar við Landsímahúsið. Við þá framkvæmd voru húseignir við Aðalgötu 11 og 11 B rifin og viðbyggingin reist á þeirri lóð. Viðbyggingin var þó ekki fullkláruð í fyrstu og var það ekki fyrir en árið 1964 sem ákveðið var að fullgera hana, en þá þurfti að breyta uppdráttum viðbyggingarinnar í ljósi þess að í millitíðinni hafði nýtt deiliskipulag tekið gildi fyrir svæðið. Sú viðbygging sem kom þá til umræðu náði yfir svæði á lóð hins gamla kirkjugarðs. Þáverandi ríkisstjórn setti sig upp á móti viðbyggingunni og var af þeim sökum uppdráttum hennar breytt talsvert. Hinir breyttu uppdrættir voru síðan lagðir fyrir skipulagsnefnd Reykjavíkur hinn 2. maí 1966.

Með bréfi, dags. 23. nóvember 1966, samþykkti skipulagsnefnd kirkjugarða fyrrnefnda breytta uppdrætti, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafði þá óskað eftir áliti nefndarinnar á þeim. Á fundi skipulagsnefndar Reykjavíkur hinn 2. maí 1966 voru samþykktir í meginatriðum uppdrættir að viðbyggingu Landsímahússins. Viðbyggingin var byggð eftir þeim uppdráttum og í kjölfarið lögð bílastæði á þeim hluta lóðarinnar Thorvaldsensstrætis 6 þar sem fundust jarðneskar leifar við fornleifauppgröft. Í kjölfar þessarar samþykktar skipulagsnefndar gerðu borgarstjórnirinn í Reykjavík, f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur, og póst- og símamálastjóri, f.h. Landssíma Íslands, með sér samkomulag, dags. 11. október 1966, sem fært var í veðmálaskrá hinn 11. nóvember 1966. Í 3. málsgrein samkomulagsins segir eftirfarandi orðrétt:

„Borgarsjóður tekur nú þegar að sér að öllu leyti umsjá og skipulagningu Gamla kirkjugarðsins, en stefnt er að því, að Gamli kirkjugarðurinn verði afhentur borgarsjóði til fullrar eignar, þegar Alþingi hefur heimilað það.“

Undirrituð hefur ekki fundið umrædda heimild Alþingis þrátt fyrir ítarlega leit og því liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort heimildin hafi verið veitt. Á hinn bóginn liggur fyrir að frá þeim tíma sem samkomulagið 1966 var gert hefur Reykjavíkurborg ein farið með yfirráð og umsjá garðsins sem almenningsgarðs, líkt og hann er skilgreindur í skipulagi. Þar sem Reykjavíkurborg hefur nú haft full afnot og yfirráð lóðar hins gamla kirkjugarðs í rúm 50 ár er ljóst að öll önnur og takmörkuð eignarréttindi sem framseld voru Schierbeck landlækni árið 1883 eru endanlega fallin niður, sbr. 2. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905, um hefð.

Hinn 4. apríl 1967 selja og afsala Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, Sverrir Scheving Thorsteinsson, Unnur Scheving Thorsteinsson og Bent Scheving Thorsteinsson eignarrétti sínum yfir lóðinni nr. 6 við Thorvaldsensstræti til Póst- og símamálastjórnar Íslands. Er það sú lóð sem öll fyrirhuguð uppbygging á að fara fram á en lóðin er í dag í eigu Lindarvatns ehf.


og fer félagið, eftir bestu vitund undirritaðrar, með full yferráð lóðarinnar og heimildir til framkvæmda á lóðinni.

Með hliðsjón af því sem að framan er rakið, liggur fyrir að beinn eignarréttur á lóð gamla kirkjugarðsins hefur tilheyrt Reykjavíkurborg frá árinu 1792. Jafnframt liggur fyrir að Reykjavíkurborg hefur farið með lóð hins gamla kirkjugarðs sem eign sína að minnsta kosti frá niðurlagningu Víkurgarðs árið 1837. Þá er samkvæmt framangreindu ljóst, að þau afnot og takmörkuðu eignarréttindi sem Reykjavíkurbær fékk Schierbeck landlækni árið 1883 á lóð hins gamla kirkjugarðs féllu endanlega niður með samkomulaginu sem gert var árið 1966. Frá og með þeim tíma hefur Reykjavíkurborg farið með full afnot og yferráð yfir lóð hins gamla kirkjugarðs.



Ebba Schram

Landsímareiturinn



Á kortinu eru gögn frá kortum af Reykjavík árið 1801 og 1836
Uppgriftarsvæðið og þær grafir sem hafa komið fram.

VG - Fornleifarannsóknir
Vala Garðarsdóttir, stjórnandi
Kortagerð 2016 RT